

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Vesturbyggð, 2. áfangi – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 2. maí 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felur í sér að einni einbýlishúsalóð er bætt við skipulagið á horni Bárugötu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Háagljúfur – stækkun lóða og byggingarreita – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 óverulega breytingu á skipulaginu Háagljúfur í Ölfusi. Breytingin felur í sér stækkun lóða svo þær nái út að aðliggjandi lóðamörkum. Byggingarreitir stækka einnig samhliða og heimilt verður að byggja á tveimur hæðum í stað einnar á einum byggingarreitnum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hafnarsandur 2 – viðbygging spennistöðvar – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi Hafnarsands 2 vegna spennistöðvar. Skilgreindur er byggingarreitir og settir skilmálar fyrir frekari uppbyggingu á lóðinni vegna aukins flutnings á raforku sem fyrirhuguð er til fiskeldisstöðva.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hjarðarból, lóð 1 – breytt byggingarheimild þriggja lóða – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi Hjarðarbóls þar sem byggingarheimildir á þremur af lóðunum sem skipulagið markar er breytt til samræmis við heimildir í nýju aðalskipulagi. Einnig er hámarks-mænishæð aukin lítillega á lóðunum eða úr 6 m í 6,6 m.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Gljúfurárholt, land 8 – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. nóvember 2023 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Gljúfurárholt, land 8. Breytingin felur í sér að byggingarheimildum er breytt í samræmi við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Eima í Selvogi – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 nýtt deiliskipulag á lóðinni Eimu í Selvogi. Samkvæmt tillögunni mætti byggja 6 íbúðarhús, 3 gestahús og 3 frístundahús á svæðinu sem er um 28 hektarar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Rannsóknarborholur Orkuveitu Reykjavíkur í Meitlum – deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 4. apríl 2024 nýtt deiliskipulag vegna rannsóknarborhola í Meitlum. Með skipulaginu er heimilað að boraðar verði tilraunaholur í Meitlum sem er svæði norðan við Stóra-Meiti á Hellisheiði. Ástæðan fyrir

Þessum fyrirhuguðu borunum er þörfin á að finna frekari orku til að viðhalda afkastagetu Helligheiðarvirkjunar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Suða í Selvogi – sumarhúsalóð – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 2. nóvember 2023 nýtt deiliskipulag vegna sumarhúsalóðarinnar Suðu í Selvogi. Tillagan gerir ráð fyrir að núverandi hús verði 60 m² geymsla en heimilt verður að byggja nýtt sumarhús á lóðinni allt að 150 m².

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 10. maí 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 13. maí 2024